



## Neysluglaðir landsmenn í sumarfrí

Kortavelta í júlí mældist nokkuð mikil, meiri en í hefðbundnum júlímánuði fyrir Covid-faraldurinn og einnig meiri en í síðustu jólavertíð. Ferðalög til útlanda hafa aukið kortaveltu erlendis og nú hægir á aukningu innlána í bankakerfinu.

### Mesta kortavelta erlendis frá upphafi faraldurs

Seðlabanki Íslands birti fyrir helgi gögn um veltu innlendra greiðslukorta í júlí.<sup>1</sup> Samanlagt jókst kortavelta um 8% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 85,6 mö.kr. og jókst um tæp 2% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 15 mö.kr. og jókst um 71% milli ára miðað við fast gengi. Þetta er mesta kortavelta erlendis frá því í janúar 2020 og mælist aðeins 18% minni að raunvirði en í júlí 2019, áður en faraldurinn skall á.

Síðustu tvo mánuði hefur framlag kortaveltu erlendis vegið meira til aukningar heildarkortaveltunnar en sést hefur allt frá upphafi faraldursins og er líklegt að sú þróun haldi áfram næstu mánuði eftir því sem ferðalög aukast.

### Neyslumikill mánuður

Júlímánuður er gjarnan neyslumikill þar sem landsmenn eru margir í frí og vilja gera vel við sig. Neyslan nú er talsvert meiri en áður hefur sést og mælist til að mynda meiri en í júlímánuði fyrir tveimur árum, fyrir faraldur, og einnig meiri en í desember síðastliðnum. Aukin ferðalög til útlanda skýra hluta þróunarinnar, en 31.000 Íslendingar fóru til útlanda í júlí, sem er 133% fleiri en í fyrra. Fjöldinn er þó helmingi minni en fyrir tveimur árum, þegar yfir 60.000 Íslendingar lögðu land undir fót.

### Kortavelta erlendis hélt velli, og eykst nú


Kortavelta Íslendinga erlendis hefur eðli málsins samkvæmt aukist í takt við aukin ferðalög og virðist fylgnin nokkuð mikil. Í júlí mældist þannig bæði fjöldi ferðalaga og kortaveltan á föstu gengi á

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



svipuðum stað og var við upphaf árs 2020 áður en faraldurinn braust út.


Athygli vekur að kortaveltan erlendis dróst aldrei alveg saman þrátt fyrir að ferðalög væru nær engin þegar faraldurinn stóð sem hæst. Þetta sýnir okkur að stór hluti kortaveltunnar er alla jafna í formi netverslunar, eða um þriðjungur hennar, sé kortavelta erlendis í venjulegu árferði borin saman við kortaveltuna þegar ferðalög voru sem fæst.

### Hægir á aukningu innlána

Samkomutakmarkanirnar sem fylgdu faraldrinum gerðu það m.a. að verkum að tækifæri til neyslu urðu takmörkuð. Þetta hafði í för með sér að sparnaður jókst og innlán í bankakerfinu því einnig. Mest mældist aukningin í desember í fyrra, þegar innlán voru 15% meiri að raunvirði en á sama tíma árið áður. Nú mælist aukningin 6%.


Við sjáum því að fólk virðist enn leggja til hliðar, en aukningin er ekki jafn áberandi og við upphaf faraldursins. Lág tæxastig hefur m.a. ýtt undir aukna neyslu sem virðist taka við sér þegar aðstæður í samfélaginu leyfa. Ekki er þó að sjá að landsmenn séu að fara fram úr sér í neyslu, þar sem enn mælist aukning í innlánunum og sparnaður því enn að aukast þó neyslan geri það einnig.

### Kortavelta Íslendinga erlendis og ferðalög



Mánaðarleg gögn. Heimild: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

### Vöxtur í innlánunum heimila



Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal. Velti- og óbundin innlán. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.